**Nd. 669. Breytingartillaga [207. mál]**

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

Frá Jóni Gíslasyni og Skúla Guðmundssyni.

Við 2. gr. Við greinina bætist ný málsgrein, svolátandi:

Af innflutningsgjaldi því, sem um ræðir í 1. gr., a-lið, skal endurgreiða eigendum vöruflutningabíla 10 aura á hvern lítra benzíns, sem þeir færa sönnur á að hafa keypt til rekstrar vörubíla sinna á þeim útsölustöðum, þar sem benzínverðið er hærra en lægsta útsöluverð benzíns á landinu á sama tíma.

Endurgreiðslan skal þó aldrei vera meiri en svo, að benzínverðið, að frádreginni endurgreiðslunni, verði jafnt verðinu á þeim útsölustöðum, þar sem það er lægst.